

Aðgengishópur

Fundur 28.11.2022 kl. 11 í Bæjarráðssal

Mætt: Margrét Vala Marteinsdóttir, Hildur Rós Guðbjargardóttir, Egill Fjeldsted, Sóley Jónsdóttir, Stefán Eiríkur Stefánsson og Sigurjón Ólafsson.

Fundarritari: Sigurjón Ólafsson

Fundargerð

- Aðgengishópur sem starfaði árið 2021 undir forystu Ágústs Bjarna Garðarssonar fundaði fjórum sinnum á tímabilinu 6. maí 2021 til 20. ágúst 2021. Farið var m.a. í vettvangsferð í ýmsar stofnanir bæjarins og rýnt var í fyrirbyggjandi skýrslur um aðgengismál.
- Nýir fulltrúar hafa verið skipaðir í hópinn, Hildur Rós Guðbjargardóttir og Margrét Vala Marteinsdóttir sem er formaður hópsins. Egill Fjeldsted er áfram fulltrúi ráðgjafaráðs. Sóley, Stefán og Sigurjón eru fulltrúar starfsfólks.
- Farið var yfir þau verkefni sem starfshópurinn fór í árið 2021, stöðu mála, afdrif ábendinga frá Betri Hafnarfirði, framkvæmdir sem hafa verið unnar á frá 2021 á umhverfis- og skipulagssviði. Stefán Eiríkur rakti ýmis verkefni sem hafa verið unnin m.a. á skólabyggingum þar sem ýmsar úrbætur af hafa verið gerðar á aðgengi. Rætt um að fara með markvissum hætti yfir ábendingar um aðgengismál á Betri Hafnarfirði. Kalla þarf eftir stöðu aðgengismála í gatnamálum, lýsingu og sorphirðu.
- Ákveðið var að boða til nýs fundar 5. desember 2022 og fá inn á fundinn Halldór Ingólfsson og Ishmael Roberto David frá umhverfis- og skipulagssviði til að ræða gatnamál, lýsingu og sorphirðumál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl 12. Nýr fundur verður boðaður 5. desember 2022.